

að hafa ritað á launaávísanir þessar, að þær hafi verið hon-
um sýndar og að hann hafi bókað þær.

1864.
30. marz.

Um leið og þær, herra stiptamtmaður, eruð beðnir að kunn-
gjöra hlutaðeigendum það, er með þarf, samkvæmt því, sem að
ofan er sagt, skal þess getið, að landfógetanum á Íslandi hefir
í dag verið ritað um þetta málefni og eins hinum amtmönu-
unum á Íslandi, að því leyti snertir þá sjálfa og embættismenn
þá, er búa í umdæmum þeirra.

Að síðustu skal þess getið, að með því eigi er lokið prentun
fjárlaganna verða þau eigi send yður í þetta skipti. En síðar
mun yður verða sent eitt exemplar af þeim, og mun yður þá
einnig verða skýrt nákvæmar frá þeim atriðum í þeim, sem ný
eru.

**26. Lög, um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, 31. marz.
ekku eptir Jón jústizrád Thorstensen, landlækni á
Íslandi.**

(Frumvarp til laga þessara, er lagt var fyrir ríkisdaginn, og ástæð-
urnar fyrir því, var þannig hljóðandi:

Frumvarp til laga

um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir
Jón jústizrád Thorstensen, landlækni á Íslandi.

Eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, sem ekkjan
Elín Thorstensen fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, Jón heitinn
Thorstensen, jústizrád og landlækni á Íslandi, skulu hækkuð um 135 rd.
40 sk. á ári frá 1. degi aprilm. 1864.

Ástæður fyrir lagafrumvarpi þessu.

Í þegnlegri bænarskrá, er send var dómsmálastjórninni, hefir alþingi
Íslendinga, það er haldið var árið 1863, beðið um, að Elínu Thorstensen,
ekku eptir Jón heitinn Thorstensen, jústizrád og landlækni á Íslandi,
verði veitt að minnsta kosti 200 ríkisdala viðbót við eptirlaun þau, sem
hún fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, en það eru 164 rd. 56 sk.
á ári.

Alþingi hefir getið þess, að Thorstensen jústizrád, sem var land-

1864.
31. marz.

læknir Íslands frá því árið 1819 og til dauðadags árið 1855, hafi gegnt þessu erfiða embætti með frábærum dugnaði, og hafi aðeins fengið laun, er voru töluvert minni en þau laun, er seinna voru lögð til embættisins, þar sem hann 13 fyrstu árin ekki hafði nema 600 rd. í laun auk 150 rdl. til húsaleigustyrks, og fékk síðar þar að auki 300 rd. launaviðbót fyrir sína embættistíð; en eptirmaður hans í embættinu fær 900 rd. í laun, auk hins sama húsaleigustyrks, og þar á ofan 300 ríkisdala viðbót eptir lögum 19. janúarm. 1863, eður tilsamans 1350 rd. á ári. Þar sem þessu nú er þannig varið áleit þingið, að það væri á mikilli sanngirni byggt, að eptirlaun þau, er ekkja Thorstensens fær, væru hækkuð, og þótti þinginu því maklegra að mæla kröftuglega með, að hún fengi viðbótina við eptirlaun sín, sem sannarlega megji segja um mann hennar, að hann hafi slitið sér út í þjónustu landsins. Til að eyða þeim mótbárum, sem fram kynnu að koma móti uppástungu þessari vegna afleiðinganna, tók þingið fram, að ekkja sú, sem hér er um rætt, sé sú einasta ekkja af þeim, sem nú eru uppi á Íslandi, sem umtalsmál geti orðið um að hjálpa á þenna hátt.

Konungsfulltrúi á alþingi hefir mælt fram með bænarskrá þessari. Svo hefir hann og útaf bænarskrá, er ekkja Thorstensens jústizráðs sendi dómsmálastjórninni í haust eð var, og bað í henni um tilstyrk stjórnarráðsins til að fá aðra eins eptirlaunaviðbót og hér er um rætt, sem amtmaður yfir suðurumdæminu vitnað, að hún sé 63 ára að aldri, sé mjög fátæk, og neyðist til á ári hverju að hleypa sér í skuldir til að geta forsgað sig og sína, og jafnframt því að hann gat um, hversu lengi og með hversu miklum dugnaði maður hennar hefði þjónað embætti sínu, tók hann fram sérstaklega, að jafnvel mætti svo segja, að hann hefði dáið í embættisþjónustunni, með því dauði hans hafi verið afleiðing af byltu, er hann hlaut eitt sinn, þá er hann vitjaði sjúklings.

Fjárstjórnarráðið, sem dómsmálastjórnin hefir skrifast á við um málefni þetta, hefir getið þess, að því virðist bænarskrá alþingis vera kröftugur vitnisburður fyrir Thorstensen heitin jústizráð um sjaldgæfa árvekni og dugnað um hinn langa tíma, er hann þjónaði áriðandi embætti, og að stjórnarráðið því, bæði af þessum ástæðum og svo vegna hins, hversu bágur sé efnahagur ekkju hans, ekki sé því mótfallið, að reynt sé að útvega henni eptirlaunaviðbót. En um upphæð viðbótar þessarar, þá var það álit fjárstjórnarráðsins, að nauðsynlegt væri að hafa ekki aðeins tillit til bænarskrár alþingis, heldur einnig, og það ef til vill ekki hvað sízt, til innbyrðis jafnaðar milli áþekkrar eptirlaunaviðbóta, sem þegar svo ber undir er stungið upp á við ríkisþingið að veita, og verður þá sérstaklega að taka til greina upphæð þeirra eptirlauna, sem

1864.
31. marz.

í hvert skipti eru lögákveðin. Eptirlaunaviðbót sú, sem hér hefir verið um beðið, er að tiltölu þýsna mikið hærri en hin lögákveðnu eptirlaun, og þótti fjárstjórnarráðinu hún því of há í samanburði við eptirlaunin sjálf, og kvaðst mundi hika sér við að stinga upp á viðbót, er væri öllu meiri, en helmingur þess, sem um var beðið; en eptir öllum atvikum máls þessa og einkum af því, að hér er að gjöra um lítið fé, virtist fjárstjórnarráðinu réttast að skjóta undir álit dómsmálastjórnarinnar, hversu mikla þýðing bænarskrá alþingis ætti að hafa einnig að því leyti, er snertir upphæð viðbótarinnar.

Af atvikum málsins, sem að ofan hefir verið frá skýrt, virtist dómsmálastjórninni vera næg ástæða til þess, að ekkja sú, sem hér er um rætt, fengi eptirlaunaviðbót; en af þeim athugasemdum, sem fjárstjórnin hefir tekið fram, hlaut dómsmálastjórninni að finnast ísjárvert að stinga uppá, að ekkjunní væri veitt svo há viðbót, sem alþingi fór fram á, heldur þótti við hæfi, að hún fengi slíka viðbót, að eptirlaun hennar framvegis yrðu samtals 300 rd., og yrði eptir því viðbótin 135 rd. 40 sk. á ári¹.

Vér Kristján hinn Níundi, o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi, og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, sem ekkjan Elín Thorstensen fær úr ríkissjóðnum eptir mann sinn, Jón heitin Thorstensen, jústizráð og landlækni á Íslandi, skulu hækkuð um 35 rd. 40 sk. á ári frá 1. degi aprílmánaðar 1864.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn, 31. dag marzmán. 1864.

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um húsabyggingar í Reykjavíkur umdæmi.

6. apríl.

Með því ábúandinn á jörðinni Seli á síðastliðnu ári hafði byggt þar timburhús, án þess að skýra fyrst frá því byggingarnefndinni í Reykjavíkur kaupstað, þá hefir nefnd þessi í bréfi, er þér, herra stiptamtmaður, senduð hingað með álitsskjali yðar, dags. 9. nóvembermán. f. á., spurt um, hvort eigi sé rétt að

¹) Smbr. bréf dómsmálast. til stiptamt. yfir Ísl. 19. d. aprílm. 1864.